

Komiði sæl öll, ég heiti Jovana og ég er af serbneskum uppruna,ég hef búið í Íslandi í rúm 24 ár. Ég er uppallinn Borgnesingur og því þykir mér mjög vænt um það að við séum að eiga þetta samtal um málefni innflytjenda einmitt í þessu bæjarfélagi. Þegar ég var beðin um að halda erindi fyrir þessa ráðstefnu að þó fóru mjög margar minningar á flug, ég vissi ekki alveg nákvæmlega um hvaða upplifun mig langaði að fara tala um sem innflytjandi á Íslandi. En þá hófst EM í handbolta, Ísland keppti á móti Serbíu á EM eins og mörgum er kunnugt og gerði jafntelfi, en það voru ekki margir sáttir með dómaraæsluna eftir leikinn.

Ég fann á mér að ég var stressuð.....af því að svona ástand var mér vel kunnugt úr minni upplifun sem innflytjandi. Ég var kvíðin af því að í hvert skiptir sem Serbía spilaði einhverja íþrótt á móti Íslandi, eða ef serbneskir dómarar dæmdu leik sem Ísland spilaði og hann fór ekki endilega eins og Íslendingar vildu að þá var maður skammaður og tekinn til ábyrgðar sem barn, unglingur, en líka sem fullorðinn manneskja.

Maður fékk oft spurningingu með hvoru landinu maður héldi ? Og ef svarið var vitlaust (lesist) Serbía voru margir hneykslaðir, þar sem að ég hafi búið á Íslandi í miklu fleiri ár. Þegar ég var unglingur í menntaskóla var ég oft spurð hvort að serbneskir dómarar hefðu keypt dómaraeyfið, eða af hverju einhver körfuboltamaður hafi verið reiður í einhverjum leik, hvort að fólk þurfi ekki að prófa höndla sínar tilfinningar sem kemur frá sama menningarheim og ég. Strákar á mínum unglinsárum nýttu sér líka mína stöðu sem innflytjandi og sentu á mig allskonar skilaboð á samfélagsmiðlum ef ég skyldi dirfast að hafna þeim, þeir minntu mig alltaf á að ég kæmi hvort sem er frá lágmenningarheim. Þegar ég var í grunnskóla var ég tekin fyrir af kennaranum árið 2008 þegar Serbía vann Júróvision, af því að söngkonan var lesbísk, kennaranum fannst það alveg fíranlegt.

Þegar ég fullorðnaðist aðeins og fór í háskóla hugsaði ég með mér að þetta áreiti væri örugglega bara búið. En það var svo sannarlega ekki. Innan veggja háskólans byggðist áreitið meira á þekkingarfræðilegri útilokum þar sem veruháttur manns var algörlega útilokaður. Önnur skoðun, önnur heimssýn, annað álit en hið vestræna þótti gjörsamlega afleitt. Svörin voru oft þannig að ég skyldi bara ekki þesa framsæknu vestræna sýn eins og kvenréttindi, eins og forsetaframboð Hilary Clinton í Bandaríkjunum, sem ég var á sínum tíma mjög gagrýnin á.

Ég gæti að sjálfsgöðu talað hér alveg þangað til á morgun, en punkturinn er sá að íslenskt samfélag nær ekki endilega utan um veruhátt innflytjenda sem hefur oft verið úskýrður í gegnum staðalmyndir, eins og það að ég væri ekki aðdandi Clinton af því að ég skyldi ekki framsækin kvenréttindi, því ég er ekki enn komin þangað í hugsun eða þróun.

Í lokin langar mig til þess að segja segja tvennt, og það er að mig langar til þess að skila ábyrgðinni til samfélagsins sem mér hefur verið „gefin“ án þess að ég hafi samþykkt hana. Ég get ekki t.d tekið ábyrgð fyrir dómurum í íþróttaleik þótt þeir tilheyra sama menningar eða trúarhóp og ég , og það á heldur enginn skikið að fá útilokun eða einhversskonar „refsingu“ fyrir að vilja ekki taka ábyrgðina eða vilja ekki vera sammála á svona málefnum. Eins fánlegt og er þetta hljómar að þá er svona áreiti mjög algeng.

Ég vil líka skila ábyrgðinni til allra sem eru reiðir úti það að íslensk tunga eigi undir högg að sækja, af því að það er líka ábyrgð sem fólki af erlendum uppruna hefu verið gefið, en ábyrgðin liggur fyrst og fremst hjá ríkisstjórninni og öðrum aðilum samfélagsins sem hafa náð að skauta framhjá ábyrgðinni þegar það kemur að íslenskri tungu, en líka þegar það kemur að mörgum öðrum málefnum ...,,þannig er oft ábyrgð eða vandamál útskýrð með því að vísa í innflytjendur af því það er alltaf lang einfaldast.

Og síðast en ekki síst að þá langar mig til þess að benda á það að fjölmening og fjölbreytileiki er ekki bara hið áþreifanlega og sýnilega, eins og matur og tónlist, eða tungumál, heldur líka veruháttur, öðruvísi heimssýn, þekking það er líka fjölemning.....þessi hlið virðist oft vera sett til hliðar í allri umræðuni um fjölmeningu.

Það eina sem innflytjendur vilja frá íslensku samfélag er bara að fá að vera þau sjálf, fá að borða þann mat sem þeir vilja borða án þess að einhver þurfi að segja að hann „lykti illa“ , skrifað og lesið annað starróf án þes að hafa áhyggjur af því hvort einhver sé að fara túlka stafrófið sem „áróðursstarfróf“ eins og oft er t.d gert með kýrlíkt letur, eða fá hafa aðra heimssýn án þess að vera niðurlægður fyrir hana. Nýjustu rannsóknir hafa sýnt okkur það að innflytjendum líður best og eru líka líklegri til þess að taka þátt í íslensku samfélagi þegar þeir fá líka vera þátttakendur í sinni menningu samstundis, eitt þarf aldrei að útiloka annað.

Takk fyrir!